

Nd.

88. Frumvarp til laga

[58. mál]

um breyting á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, nr. 97/1976.

Flm.: Eggert Haukdal.

1. gr.

Í stað „2%“ í 2. tölul. 27. gr. laganna komi: 3%.

2. gr.

Á eftir 32. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Þriðja hluta tekna Bygðasjóðs skv. 2. tölul. 27. gr. skal varið til jöfnunar á rafmagnsverði í landinu.

Um ráðstöfun fjár þessa skal nánar kveðið á í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt stærsta hagsmunamál allra landsmanna í dag er að eiga kost á nægri raforku á hagstæðu og jöfnu verði. Á sama hátt er nauðsynlegt fyrir hinar dreifðu byggðir landsins að mismunur raforkuverðs jafnt til heimilisnotkunar sem atvinnurekstrar verði ekki til að raska búsetu og atvinnuþróun í landinu.

Á sjöunda áratugnum var verðmunur á raforku 20—25% og þótti mikið, og þá var rætt um að dregið yrði úr honum þegar nægileg raforka yrði fyrir hendi og Búrfellsvirkjun væri komin í gang. Þegar þróunin stefndi í þá átt, að þessi mismunur færi yfir 25%, var lagt á almenna raforkusölu í landinu 13% verðjöfnunargjald sem rann til RARIK til verðjöfnunar. Þrátt fyrir þetta verðjöfnunargjald, sem reyndar var hækkað úr 13 í 19% á síðastliðnu ári, hefur þessi mismunur stöðugt verið að aukast og þó mest síðastliðin 2—3 ár og nemur víða 60—90% og á sumum töxtum jafnvel yfir 100%. Jafnframt þessu hefur hagur RARIK sífellt farið versnandi og veldur því fyrst og fremst að upp hafa safnast hjá RARIK mjög óhagkvæm gengistryggð lán með háum vöxtum, þannig að vextir og afborganir vegna félagslegra framkvæmda um allt land leggjast með fullum þunga á notendur dreifikerfis RARIK. Við þetta verður ekki unað. Þetta verður ekki lagfært með frekari hækkingu verðjöfnunargjalds, enda hefur það alltaf verið skilgreint sem bráðabirgðaskattur frá ári til árs. Fjárhagsvanda RARIK verður að leysa með einum eða öðrum hætti úr sameiginlegum sjóði allra landsmanna, annaðhvort með beinum greiðslum úr ríkissjóði eða með því að auka tekjur Bygðasjóðs og gera honum kleift að veita framlög í þessu skyni til RARIK.

Með þeirri breytingu, sem í frumvarpinu felst, er lagt til að Bygðasjóði sé falið þetta verkefni, enda segir í lögum nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, VI. kafla, um Bygðasjóð, 28. gr.: „Hlutverk Bygðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs... og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.“

Hér er því lagt til að tekjur Bygðasjóðs verði auknar eins og frumvarpið ber með sér, sem þýðir um 3 milljarða tekjuaukningu, og að fjárhagsvandi RARIK verði þannig leystur og þar með stefnt að sem jöfnustu raforkuverði um allt land. Jafnframt verði RARIK gert að endurskoða gjaldskrá sína frá grunni, lækka verð á raforku og afnema hækkingartengsl hitunartaxta við söluverð dísilolíu.

Það, sem rætt er um RARIK í þessari greinargerð, á einnig við Orkubú Vestfjarða eftir stofnun þess.